

textíl. En mér er nákvæmlega sama hvaða titil ég fæ.“

— Verk þín eru býsna framúrsteftnuleg og gera þá kröfu til fólks að það leggi sitt af mörkum; sína skynjun eða skilning. Finnst þér skipta miklu máli að listaverkin og áhorfendur geti þannig mæst á miðri leið?

„Það er ákaflega skemmtilegt að fá viðbrögð frá fólki sem skoðar verkin mín. Ég gef verkunum mínum aldrei nöfn og læt fólki eftir að skilja þau sínum skilningi. Sjálf er ég lítið fyrir að tala um einstök verk, eða skýra þau. Ég hreinlega get það ekki. Fyrir bragðið er mismunandi hvað fólk sér út úr verkunum: þegar ég hef til dæmis sýnt í útlöndum virðast útlendingar alltaf sjá eitthvað íslenskt í þeim, einhver tengsl við Ísland. Fólk hér heima sér svo eitthvað allt annað.“

— Finnst þér að listamaður eigi öðrum og stærri skyldum að gegna við samtið sína en annað fólk? spyr ég hátíðlegur.

„Listamaður á fyrst og fremst skyldum að gegna gagnvart sjálfum sér,“ svarar Ragna blátt áfram. „Þeim skyldum að vera heiðarlegur og samkvæmur sjálfum sér. Ef hann er það, hlýtur annað að fylgja með. En fyrst af öllu verður listamaðurinn að finna sjálfan sig, vita hvað hann vill. Og með því að vera sífellt að leita er líka verið að segja ákveðna hluti.“ Það verður þögn. „Umfram allt verður maður að halda sínu striki hvað sem tautar og raular. Láta ekki tískusveiflur hverju sinni ráða ferðinni heldur eigin sannfæringu.“

— Í beinu framhaldi af þessu er vert að spyrja hvað þér finnst um það sem er að gerast í myndlistinni um þessar mundir.

„Það er ofboðslega mikið af fólki að búa til allavega hluti. Við eigum ekki marga reglulega góða myndlistarmenn.“ Hún veltir vöngum. „En þó slatta.“

— Margir kallaðir já og fáir útvaldir. Hvernig á að greina sauðina frá höfrunum?

„Í þessu máli er hlutur fjölmiðla stór,“ segir Ragna með þungri áherslu. „Á flesta fjölmiðla vantar fólk með menntun og þekkingu á myndlist sem kann að greina kjarnann frá hisminu. Það er allt of mikið um að amatörum sé hampað til jafns við alvörulistamenn. Fyrir þannig er fólk auðvitað alveg ruglað og veit ekki hvað snýr upp og hvað niður á myndlistarmarkaðinum.“

— Vendum nú okkar kvæði í kross, bið ég. Hvar ertu alin upp og hvað varstu að sýsla fyrsta kastid?


„Ég er nú bara fædd og uppalin í Reykjavík,“ segir Ragna og finnst ekki mikið til koma. „Flest sumur var ég í sveit, og síðar í kaupavinnu og vegavinnu, mest á Vestfjörðum, en þangað á ég ættir að rekja. Ég kem frá ósköp venjulegri fjölskyldu, verkamannafjölskyldu. Já, flest var dæmigert við uppvöxt minn held ég. Fyrst var ég í Langholtsskóla og síðan fór ég í Réttarholtsskóla. Lauk landsprófi en fór svo að segja beint eftir það í Myndlista- og handfaskólann.“

— Hvenær fékkstu áhuga á myndlist; hvenær ákvaðstu að leggja út á þessa braut?

„Ég ákvað nú aldrei beinlínis að leggja út á einhverja sérstaka „braut“ í lífinu,“ segir Ragna, „það var ekki svo alvarlegt. Ég ætlaði bara að gera það sem ég hafði áhuga á. Flóknara var það ekki.“

— Hvernig var því tekið af fjölskyldu þinni að þú legðir myndlist fyrir þig?

„Mjög vel. Ég réð mér reyndar það mikið sjálf að enginn var að fetta fingur út í að ég ætlaði í Myndlistaskólann. Reyndar tók ég kennarapróf í skólanum líka. Svona til að hafa eitthvað upp á að hlaupa.“



— Og hefurðu notað það?

„Mjög lítið. Fyrstu árin eftir að ég lauk námi, upp úr 1970, kenndi ég hingað og þangað í barnaskólum. Síðar kenndi ég fáein ár í Myndlista- og handfaskólanum. En ég gafst eiginlega upp á kennslunni, fannst hún taka allt of mikla orku frá mér. Ég vildi frekar vinna við eitthvað alls óskilyt myndlist, færibandavinnu til dæmis. Þá skarast ekki vinnan og myndlistin saman.“

— Þú varst ár í Svíþjóð eftir námið hérna heima. Hvernig kunnirðu við þig þar?

„Ágætlega í sjálfu sér. En ég kynntist Svíum ekki sérlega mikið eða vel. Ég bjó á stúdentagarði þar sem mikið var um Íslendinga, og hvað skólann varðaði þá var ég gestanemandi og hálfgerður vandræðagripur held ég. Sumt af því sem upp á var boðið í kennslunni féll mér alls ekki og þá sleppti ég því bara. Þarna úti lærðist mér að vinna sjálfstætt. Ég fór mínu fram.“

— Fórstu þínu fram. Veistu alltaf hvað þú vilt?

„Já,“ segir Ragna, „ég hef einhvern veginn alltaf vitað hvað ég hef viljað og ekki látið sveigja mig til annarrar stefnu. Ég held mínu striki.“ Brosir. „Án þess að vera með neina frekju,“ tekur hún fram.

— Þú ert búin að vera í myndlist í um 20 ár. Samt eru ekki nema tvö ár frá fyrstu einkasýningunni þinni, í Nýlistasafninu 1986.

Hún tími var ekki kominn fyrr,“ útskýrir Ragna. „Ég var ekki tilbúin fyrr en þá. Þegar ég svo ákvað að halda sýninguna í Nýlistasafninu fór ég að vinna kerfisbundið að henni. Og fyrir sýningar er vinnudagurinn mjög reglulegur hjá mér, frá morgni til kvölds.“

— Heldurðu það?

„Minn tími var ekki kominn fyrr,“ útskýrir Ragna. „Ég var ekki tilbúin fyrr en þá. Þegar ég svo ákvað að halda sýninguna í Nýlistasafninu fór ég að vinna kerfisbundið að henni. Og fyrir sýningar er vinnudagurinn mjög reglulegur hjá mér, frá morgni til kvölds.“

— Þú ferð mjög æsingalaust að hlutun-

um. Ertu alveg laus við þá þörf sem býr í svo mörgum listamönnum, að þurfa að sigra heiminn í einu vetfangi?

„Ójá,“ segir Ragna ákveðin. „Það er heldur ekki hægt. Heimurinn er ekki auðsigraður, nýjasta og gleggsta dæmið úr myndlistinni er af „nýja málverkinu“ svokallaða sem kom fram í kringum 1980. Þá áttu alla sem voru orðnir 35 ára að vera ómögulegir, allir sem voru á öðrum nótum en nýja málverkinu. Svo kom afturkippurinn hjá þessu fólki eins og óhjákvæmilegt var. Ég geri mér grein fyrir því að ég þarf tíma til að þroska mig og það sem ég fæst við. Allur æsingur er vita tilgangslaus. Ég er að þessu fyrir sjálfa mig.“

— Og þú hefur getað helgað þig myndlistinni, segi ég.

„Já, svona nokkurn veginn. Í mörg ár hef ég ekki gert neitt annað. Ég er heppin að eiga góða fjölskyldu sem styður mig í því sem ég geri. Og ég reyni líka að vinna eins og manneskja, rétt eins og sá sem er í venjulegri vinnu. Einhvern veginn gengur það upp. Ég hef verið heppin, fengið styrki, selt stöku verk þannig að ég er á sléttu; og hef átt fyrir efninu sem ég nota. Ég þarf a.m.k. ekki að taka af matarpeningunum!“ segir Ragna kankvís. „Og það kalla ég gott.“

— Þér er sama hvað þú ert kölluð sem myndlistarmaður og hvað um þig er sagt; og þú lætur þér í léttu rúmi liggja þó þú seljir ekki nema stöku verk. Hvað skiptir þig máli í myndlistinni?

„An þess að hugsa sig um svarar Ragna: „Það sem skiptir mig máli er að halda áfram að gera það sem ég þarf að gera. Annað skiptir mig ekki máli.“

— Ég spyr um áhugamál.

Ragna hugsar sig lengi um. „Ég og maðurinn minn höfum bæði mikinn áhuga á myndlist; skoðum myndlist, lesum um myndlist og tölum saman um myndlist. — Vina- hópurinn er líka meira og minna á kafi í myndlistinni,“ heldur Ragna áfram.

— Er ekki hætt á að þú ...

„Einangrist?“ grípur Ragna fram í. „Jú, auðvitað er hætt á því ef ekki er að gáð. En ég á mína fjölskyldu og gamla vini og held alveg jarðsambandi. Þeir sem eru á kafi í listum verða náttúrulega að gæta sín á að verða ekki fagidjót.“

— Höldum áfram að fara úr einu í annað, segi ég. Ertu búin að ákveða hvað tekur við að lokinni sýningu þinni nú?

„Uss, nei! Þetta hefur verið svo mikil törn hjá mér að ég get eiginlega ekki hugsað lengra ...“

— Ekki það nei. Ætlaðu að leggjast í leti?

„Nei. Ég leggst svo sannarlega ekki í leti. En það er svo margt sem ég hef trassað síðustu mánuðina. Í allt sumar komst ekkert annað að en undirbúningurinn fyrir sýninguna. Fyrst eftir sýningar er ég alveg tóm. Eins og sprungin blaðra. Það tók mig langan tíma að jafna mig eftir sýninguna í Nýlistasafninu í hitteðfyrri. En hugmyndirnar sem ég er með núna eru nýjar og langt í frá fullunnar.“

— Finnst þér ekki gremjulegt að eyða mánuðum og árum í að undirbúa sýningu og verða svo kannski bara að pakka niður verkunum á eftir?

„Nei, það finnst mér ekki,“ svarar Ragna dræmt. „Það er nú til dæmis þannig verkinn sem ég sýndi síðast að þau eru á flakki um heiminn á samsýningum.“ Og eins og sjá má í sýningarskrá gera þau víðereist: Finnland, Færeyjar, Pólland, Bandaríkin, Japan ... Ragna heldur áfram: „Ég get alveg sagt að þessi verk hafi nýst mjög vel, en ég hef ekki selt þau, enda eru þau ekki mjög meðfærileg. Hún sýnir mér myndir af listaverkunum víðförlu, gerðum úr reipi og stundum steinflögum líka.“

— Hvarflar aldrei að þér að fara bara að búa til lítil sæt söluverk? spyr ég eins og freistari.

„Nei. Ég gæti það heldur ekki. Ég verð að halda áfram með það sem ég er að gera,“ segir hún ákveðin við þessari fráleitu tillögu. „Það er ekki hægt að snúa við á miðri leið.“

— Er þetta köllun?

„Já, kannski er þetta köllun. Ég veit það ekki. Ég get bara ekki gert neitt annað. Vonandi get ég haldið áfram. Styrkurinn sem ég fékk frá Reykjavíkurborg var mjög mikilvægur og hjálpaði mér mikið. Því miður geta margir góðir myndlistarmenn ekki helgað sig list sinni, heldur verða að leggja ómælda krafta í brauðstritið. Það er líka mikilvægt að koma verkum sínum að í útlöndum. Ég hef tekið þátt í margri samkeppni úti, enda get ég ekki sýnt verkin sem ég geri nema einu sinni hérna heima. Fólk vill alltaf að maður sé að gera eitthvað nýtt, alveg endalaust.“

— Já, er hún ekki býsna hávær, krafan sífella um nýjungar, í þessu eins og svo mörgu öðru?

„Jú, hún er það svo sannarlega, en það þýðir lítið að hlaupa á eftir henni. Reynslan sýnir svo ekki verður um villst að það gengur ekki upp hjá fólki að elta alla strauma og stefnur eftir því sem vindurinn blæs. Það eina sem skiptir máli er að vera samkvæmur sjálfum sér. Það þýðir ekki að vera að eltast við allar tískustefnurnar. Annars enda listaverkin bara á útsölu eins og fötin hérna niðri!“

